

angreindan samning, og hafi hann, stefnandi, orðið fyrir fjártjóni vegna þess. Hafi sér ekki tekizt að fá annan mann í stað hans þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í þá átt. Telur stefnandi fjártjón sitt sízt ofreiknað með stefnukröfu sinni.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu fjártjóni.

Fyrir dómi kvað stefndi, að viðræður hafi farið fram við stefnanda þess efnis, að hann leysti stefnda undan samningnum, og hafi þær viðræður átt sér stað, áður en stefndi ritaði stefnanda bréfið, dags. 29. júlí 1953. Stefnandi viðurkenndi fyrir dómi, að þessar viðræður hafi átt sér stað.

Ekki þykir stefnandi hafa fært neinar sannanir að því, að hann hafi orðið fyrir fjártjóni vegna samningsrofa stefnda. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Kristján Sigurjónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Trésmiðjunnar Víðis h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 2. október 1956.

Nr. 116/1956. Ákærvaldið

gegn

Snorra Jónssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með dómi sakadóms Kópavogs 8. september 1956 var ákærða dæmd fangelsisrefsing 3 ár fyrir skírlífisbrot gagnvart allmörgum ungmennum. Sama dag var með úrskurði sakadómsins kveðið á um gæzluvarðhald ákærða allt að 4

mánuðum, þar til ákvörðun væri tekin um fullnustu héraðs-dómsins eða málið til lykta leitt með dómi Hæstaréttar. Hinn 14. september s.l. krafðist ákærði áfrýjunar refsisdómsins. Jafnframt gerði ákærði þá kröfu, að gæzluvarðhaldsúrskurðinum yrði skotið til Hæstaréttar og hann úr gildi felldur. Verjandi ákærða hefur ritað greinargerð í málinu, tekið undir kröfu ákærða og krafizt málsvarnarlauna sér til handa.

Samkvæmt ákvæðum 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 27/1951 og með skírskotun til þess, sem að framan greinir, og svo forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða hér fyrir dómi, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 8. september 1956.

Ár 1956, laugardaginn 8. september, var úrskurður þessi kveðinn upp í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta.

Með úrskurði sakadóms Kópavogs, upp kveðnum 16. júní 1956, var Snorri Jónsson kaupmaður, Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi, úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 3 mánuðum.

Úrskurður þessi var rökstuddur svo: „Í rannsókn málsins hafa komið fram mjög veigamiklar upplýsingar um sekt kærða, þótt hann hafi eigi kannazt við að hafa framið brot þau, sem rannsóknin beinist að. Vegna fyrri brotaferils kærða, hættu á áframhaldandi brotum og til að tryggja nærveru hans þykir óhjákvæmilegt að framlengja gæzluvarðhald hans, þar til dómur er genginn í málinu, og þykir gæzluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að 3 mánuðum.“

Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 22. júní 1956, var úrskurður þessi staðfestur. Áður hafði kærði verið úrskurðaður í gæzluvarðhald frá 2. maí til 16. júní 1956, en þá var rannsókn málsins að mestu lokið.

Með dómi sakadóms Kópavogs, upp kveðnum í dag, er ákærði,

Snorri Jónsson, dæmdur til 3 ára fangelsisvistar. Hann hefur ekki tekið ákvörðun um, hvort hann óski eftir áfrýjun dómsins.

Með því að sömu ástæður þykja nú gera gæzluvarðhald Snorra Jónssonar nauðsynlegt og fyrir hendi voru við uppkvaðningu úrskurðarins frá 16. júní s.l., þykir óhjákvæmilegt að framlengja gæzluvarðhaldsvist hans, þar til dómur Hæstaréttar gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum, sem dæmt var í sakadómi í dag, eða liðinn er frestur sá, sem dómfelldur hefur til að taka ákvörðun um áfrýjun, og þykir gæzluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að 4 mánuðum.

Því úrskurðast:

Gæzluvarðhald Snorra Jónssonar, Borgarholtsbraut 20, framlengist í allt að 4 mánuðum.

Föstudaginn 5. október 1956.

Nr. 105/1952. Skipaútgerð ríkisins (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Landsbanka Íslands

(Einar B. Guðmundsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabætur. Réttur handhafa fylgibréfs um vörusendingu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1952 og krafizt þess, að hann verði sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fylgibréf þau, sem greinir í málinu og út voru gefin á vegum áfrýjanda, verður að meta heimildarskjöl. Handhöfn á